

Nd.

292. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum um þingskóp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur, að breytingar þær, sem meiri hluti hennar vill gera á frv., komi mjög illa heim við það fyrirkomulag, sem er á Alþingi. Eins og kunnugt er, eru þingmálin yfirleitt rædd og afgreidd algerlega aðskilið í hvorri deild fyrir sig, en þetta fyrirkomulag raskast, ef máli, sem t. d. er til meðferðar í Ed., er vísað til nefndar, sem kosin er í sameinuðu þingi, þar sem vel er hugsanlegt, að enginn nefndarmanna eigi sæti í Ed. Aftur á móti virðist ekkert á móti, að sjerstök utanríkismálanefnd sje kosin í hvorri deild fyrir sig og einnig nefnd, sem aðstoði stjórnina í utanríkismálum milli þinga. Með tilliti til þessa leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við frvgr. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Á eftir 2. málsg. 16. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
8. Utanríkismálanefnd.
2. Á eftir frvgr., er verður 1. gr., kemur ný 2. gr., svo hljóðandi:
Í lok hvers þings skal í sameinuðu þingi kjósa á sama hátt og aðrar þingnefndir 3 manna nefnd, er skal vera stjórninni til ráðuneytis milla þinga í utanríkismálum.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Magnús Guðmundsson,
frsm.

Hákon J. Kristófersson,
með fyrirvara.